



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 4. september 2020

R19010109

1270

ep

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Breytingar á reglum vegna úthlutana úr hverfissjóð Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 27. ágúst 2020, var mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu falið að endurskoða orðalag 6. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs og koma með tillögu að breytingum þar sem hugtakið reglubundinn launakostnaður hefur þótt óljóst í framkvæmd.

Lagt er til að ný grein bætist við úthlutunarreglur hverfissjóðs þar sem bann við því að styrkja reglubundinn launakostnað kemur fyrir, líkt og í núgildandi reglum, en að jafnframt verði tekið fram hvað fellur innan hugtaksins og hvenær heimilt sé að styrkja umsækjendur um laun. Umræddar breytingar hafa verið færðar inn í drög að úthlutunarreglum um hverfissjóð sem lögð voru fram á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 27. ágúst 2020.

Óskað er eftir því að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykki breytingar á reglum hverfissjóðs.

Virðingarfyllt

Guðrún Elsa Tryggvadóttir
lögfræðingur

Hjálagt:

Minnisblað vegna túlkun á hugtakinu reglubundinn kostnaður dags. 1. september 2020
Drög að úthlutunarreglum Hverfissjóðs Reykjavíkurborgar með breytingum.



Reykjavík, 1. september 2020

R19010109

Lagt fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 10. september 2020

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Guðrún Elsa Tryggvadóttir

Efni: *Túlkun á hugtakinu reglubundinn launakostnaður*

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 27. ágúst 2020 var mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu falið að endurskoða orðalag 6. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs og koma með tillögu að breytingum þar sem hugtakið *reglubundinn launakostnaður* hefur þótt óljóst í framkvæmd.

Samkvæmt 6. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs kemur fram að ekki sé veittur styrkur til *reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar*. Skrifstofan hefur túlkað ákvæðið á þann hátt að um reglubundinn launakostnað sé að ræða þegar umsækjandi óskar eftir styrk úr sjóðnum til að stunda starfsgrein sína í hverfinu. Aftur á móti komi greinin ekki til skoðunar þegar tekið er tillit til launa vegna aðkeyptrar þjónustu á borð við tónlistamenn, skemmtikrafta eða ljósmyndara sem koma að viðburði. Tilgangurinn að baki ákvæðinu er að sjóðurinn nýtist borgarbúum sem vilja leggja sitt af mörkum til að auðga mannlíf í hverfinu fremur en að umsækjendur nýti hverfissjóð til þess að viðhalda reglubundinni starfsemi sinni á kostnað borgarinnar.

Íbúaráðin hafa gert athugasemdir við að hugtakið *reglubundinn launakostnaður* sé óskýrt hugtak og þarfnist útskýringa. Vilji sé til þess innan íbúaráða að styrkja fagfólk og listamenn sem vilja skipuleggja viðburði í hverfum borgarinnar með greiðslu fyrir störf þeirra. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tekur undir mikilvægi þess að úthlutunarreglur hverfissjóðs séu skýrar og að samræmi sé í beitingu þeirra.

Reglulega berast umsóknir í hverfissjóð frá fagfólki eða listamönnum sem sækja um styrki til að greiða sjálfum sér laun vegna námskeiða, sýninga eða annarskonar verkefna sem þau hafa hug á að halda í hverfunum. Sem dæmi hefur hverfissjóði borist umsóknir frá listamönnum sem vilja halda myndlistarnámskeið, tónlistarmönnum sem vilja halda tónleika og jógakennurum sem vilja bjóða upp á jógatíma í hverfum borgarinnar. Skrifstofan telur mikilvægt að áréttta að

Í flestum tilvikum er um endurtekna viðburði að ræða, t.d. fjögur til tíu skipti yfir sumarið eða veturinn. Þá er algengt að umsækjendur sækji um styrk í fleiri en eitt hverfi og að sótt sé um árlega. Skrifstofan hefur beitt þröngri túlkun á ákvæðinu og litið svo á að slík verkefni feli í sér reglubundinn launakostnað til umsækjanda. Aftur á móti kann að vera ástæða til rýmri túlkunar þegar greinilega er um tilfallandi viðburði að ræða sem aðeins skal halda einu sinni eða í örfá skipti.

Til að skýra hugtakið og tryggja að sjóðurinn nýtist til fulls leggur skrifstofan til að ný grein bætist við úthlutunarreglur hverfissjóðs og að orðalagi 6. gr. verði breytt í samræmi við það. Með framlögðum tillögum að breytingum á úthlutunarreglum hverfissjóðs kæmu ákvæðin til með að verða 9. og 10. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs:

9. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins launakostnaðar til handa umsækjanda, en undir það falla t.a.m. umsóknir vegna endurtekinnar viðburða á borð við námskeið eða reglulegar sýningar. Greinin kemur ekki til skoðunar sé eingöngu um að ræða þrjá viðburði eða færri. Einnig er heimilt að líta fram hjá framangreindi reglu þegar sótt er um styrk vegna aðkeyptrar utanaðkomandi þjónustu, t.a.m. sem hluta af skemmtanadagskrá hverfishátíðar.

10. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins rekstrarkosnaðar. Þó geta íbúasamtök sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð og skila íbúaráði árlega yfirliti um störf sín sótt um sérstakan árlegan rekstrarstyrk. Fjárhæð rekstrarstyrks skal taka mið af fjölda íbúa í hverfinu sem og stærð íbúasamtaka. Veittur skal rekstrarstyrkur að hámarki kr. 100.000 og að því gefnu að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a. Að aðalfundur samtakanna sé sannarlega haldinn.
- b. Að stjórn sé skipuð með lögsmætum hætti.
- c. Að reikningar íbúasamtaka séu lagðir fram og samþykktir á aðalfundi íbúasamtaka.